

# Fundargerð

31. fundur fræðslu- og menningarnefndar 13.febrúar 2009 á skrifstofu Langanesbyggðar kl.  
12:00. Menningarmál tekin fyrir .

Mættir eru : Guðni Örn Hauksson, Sigurður Jóhannes Jónsson, og Sigurður Ragnar Kristinsson ásamt Halldóru Gunnarsdóttur.

## 1 Mál. Stefnumótun.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er ekki ljóst hvaða fjárveiting er í málaflokkinn. Nefndin óskar eftir að fjárveiting til íþróttu- og tómstundastarfs verði sundurliðuð nánar svo ljóst sé hvað hver nefnd hafi úr að spila. Möguleikar á sjálfsaflafé eru alltaf töluverðir, en eru þó háðir eigin framlagi í hvert verkefni. Nefndin vill halda utan um 3 – 5 verkefni á ári og hafa nokkuð opið á hvaða sviðum þau væru. Verkefni í tengslum við Káta daga, aðventu og fleira. Ekki má útiloka nein verkefni fyrirfram.

## 2. Mál. Kátir dagar.

*Halldóra kynnti.*

Nefndinni lýst vel á það sem fyrirhugað er. Nokkur spennandi verkefni eru framundan t.d. í tengslum við Sauðaneshús.

## 3. Mál. Frón – tónlistarfélag.

Sveitarélaginu stendur til boða að halda tónleika í samvinnu við þetta félag. Kostnaður er um kr. 25.000,- við hverja tónleika með öllu Nefndin telur þetta mjög gott tilboð og mælir með því að fá allt að 3 – 5 verkefni eða tónleika á ári. Upplagt væri að hafa samvinnu við t.d. grunnskólana, tónlistarsk. eða í tengslum við aðra viðburði.

## 4. Mál. Önnur má voru engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.25.

Guðni Örn Hauksson, ritari.